

Alþingi  
Erindi nr. P 139/290  
komudagur 18.11.2010



Umboðsmaður  
skuldara

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2010

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, með síðari breytingum o.fl. (152. mál). Einnig er lögð til breyting á lögum nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara (gjaldtaka).

Embætti umboðsmanns skuldara hefur móttengið erindi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 11. nóvember 2010, þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Embættið telur að þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, séu nauðsynlegar og vel til þess fallnar að markmið laga um greiðsluaðlögun einstaklinga náist. Embættið telur jafnframt að með þeim breytingum, sem lagðar eru, til sé betur tryggður réttur þeirra sem leita greiðsluaðlögunar einstaklinga hjá embættinu. Embættið telur jafnframt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi breytingar á lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, séu mjög til bóta og til þess fallnar að tryggja virkni greiðsluaðlögunar í þeim tilfellum þar sem um er að ræða einstaklinga sem hætt hafa atvinnurekstri en skulda gjöld vegna atvinnurekstrar, skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/2010. Þá telur embættið einnig að sú breyting, sem lögð er til í 10. gr. frumvarpsins um breytingar á 63. gr. a. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með síðari breytingum, sé mjög til bóta og til þess fallin að tryggja að meðferð krafna sé með samræmdum hætti.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru breytingar, sem lagðar eru til, unnar á grundvelli ábendinga frá embættinu.

Embættið vill koma á framfæri athugasemdum varðandi þá breytingu sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins varðandi aðgerðir gegn ábyrgðarmönnum einstaklinga sem lagt hafa inn umsókn um greiðsluaðlögun einstaklinga skv. lögum nr. 101/2010. Embættinu hafa borist ýmsar fyrirspurnir um stöðu ábyrgðarmanna og lánsveðsala og bent hefur verið á að ákvæði f-liðar 1. mgr. 11. gr. sé ekki nægilega skýrt. Sú breyting, sem lögð er til í frumvarpinu, er að mati embættisins mjög til bóta. Ljóst er hinsvegar að í lögnum er gerður greinarmunur á ábyrgðarmanni og veðsala en í 10. tl. 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 6. mgr. 16. gr. er fjallað um ábyrgðarmann annars vegar og veðsala hins vegar. Embættið telur því að ganga þurfi lengra í því að skýra ákvæðið hvað varðar stöðu lánsveðsala.



## Umboðsmaður skuldara

Frá því að áður nefndar ábendingar voru unnar hjá embættinu hafa verið gerðar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, en með lögum nr. 128/2010 var bætt við ákvæði til bráðabirgða um að tímabundin frestun greiðslna samkvæmt 11. gr. laga nr. 101/2010 hefjist þegar umsókn hefur verið móttækin af umboðsmanni skuldara, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 128/2010. Þá segir í 6. mgr. 1. gr. að þegar tímabundin frestun greiðslna, skv. 11. gr. laga nr. 101/2010, hefjist eigi skyldur 12. gr. sömu laga við. Breytingar þessar voru að mati embættisins mjög til bóta fyrir þá einstaklinga sem bíða úrlausnar mála sinna. Embættið hefur nú unnið skv. þessum breytingum frá 19. október og hafa komið upp ýmis álitamál varðandi tímabundna frestun greiðslna sem snúa jafnt að því sem lánardrottnum er óheimilt að gera skv. 11. gr. laga nr. 101/2010 og þeim skyldum sem lagðar eru á skuldara skv. 12. gr. sömu laga.

Embættinu hafa borist fjölmargar fyrirspurnir frá umsækjendum varðandi það hvort þeim sé heimilt að selja eignir sínar. Því hefur embættið velt fyrir sér hvort c-liður 1. mgr. 12. gr. sé of þröngur. Þessi spurning hefur einkum vaknað í þeim tilfellum þar sem umsækjendur hafa fengið tilboð í fasteignir sínar. Í þeim tilfellum hafa fasteignir hugsanlega verið á sölu lengi og tilboð í eignir því kærkomið og til þess fallið að bæta fjárhag skuldara. Ákvæði c-liðs 1. mgr. 12. gr. um að skuldara sé óheimilt að láta af hendi eða veðsetja eignir og verðmæti sem gagnast geta lánardrottnum sem greiðsla og a-liður 1. mgr. 11. gr. um að kröfuhafa sé óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum girða fyrir þann möguleika að skuldari selji eign sína, jafnvel þó um hagkvæma ráðstöfun sé að ræða, sem væri til þess fallin að auka líkurnar á því að skuldara tækist í samræmi við markmið laganna að endurskipuleggja fjármál sín til frambúðar.

Eins og frestun greiðslna skv. 11. gr. er háttáð í dag er aðeins ein leið fyrir einstaklinga í þessari stöðu, en það er að afturkalla umsókn um greiðsluaðlögun einstaklinga hjá umboðsmanni skuldara, selja eignina og leggja svo aftur inn umsókn. Að öðrum kosti myndi umsækjandi halda umsókn sinni áfram, sem myndi að því gefnu að hún yrði samþykkt, hugsanlega enda með þeirri niðurstöðu umsjónarmanns að best væri að selja umrædda eign, sbr. 14. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þá væri hins vegar umsækjandi búinn að missa af áður nefndu kaupsilboði. Embættið telur að slík framkvæmd sé til þess fallin að rýra trúverðugleika úrræðisins og embættisins gagnvart kröfuhöfum. Því er mikilvægt að finna lausn á þessum vanda.

Embættinu hafa jafnframt borist fyrirspurnir frá einstaklingum, fjármálafyrirtækjum og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fyrirspurnir þessar snúa að því hvort einstaklingum, sem sækja um greiðsluaðlögun einstaklinga skv. lögum nr. 101/2010, sé heimilt að sækja um framfærslulán til viðskiptabanka síns sem veitt eru gegn lánsloforði frá LÍN, í ljósi þess að skv. d-lið 12. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er skuldara óheimilt að stofna til skuldbindinga sem gætu skaðað hagsmuni lánardrottna.



## Umboðsmaður skuldara

Embættið telur að framfærslulán gegn lánsloforði hjá LÍN sé skuldbinding sem er nátengd möguleika umsækjanda á að framfleyta sjálfum sér og fjölskyldu sinni. Myndi því slík skuldbinding ein og sér ekki leiða til þess að umsókn yrði synjað hjá umboðsmanni skuldara. Ljóst er þó að þegar slík framfærslulán eru veitt hjá viðskiptabanka, eru þau veitt gegn því skilyrði að þegar lánið er greitt út hjá LÍN verði því ráðstafað til greiðslu umrædds framfærsluláns. Aðrir kröfuhafar umsækjanda gætu túlkað slíkt sem ráðstöfun sem skaðar hagsmuni þeirra, sbr. d-lið 12. gr. laga nr. 101/2010.

Í samræmi við framangreinda umfjöllun leggur embættið til að bætt verði við d-lið 12. gr. laga nr. 101/2010 efnislegu viðmiði sem hljóði svo:

**nema skuldbinding, sem stofnað er til, sé nauðsynleg til að sjá skuldara og fjölskyldu hans farborða**

Embættið vill koma á framfæri tillögu að breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 með síðari breytingum, en með c-lið 35. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga var gerð breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. þannig að 63. gr. i féll brott. Í því ákvæði var heimild fyrir einstakling í gjaldþrotameðferð að óska þess að ljúka gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Embættið telur þetta vera mikilvægt úrræði fyrir þá einstaklinga sem hafa ekki náð að nýta sér aðstoð umboðsmanns skuldara áður en farið var fram á að bú þeirra yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Á grundvelli framangreinds leggur embættið til nýja grein sem hljóðar svo:

**Þrotamaður getur óskað eftir því ljúka gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar og tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna skv. lögum nr. 50/2009 ef við á. Þrotamaður skal leggja fyrir skiptastjóra fjárhagsyfirlit og greinargerð.**

**Skiptastjóri leitar nauðasamnings til greiðsluaðlögunar og tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert, skv. ákvæðum 3. til 6. kafla laga um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010.**

Framangreind tillaga myndi tryggja að þeir einstaklingar, sem nú þegar hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta en uppfylla að öðru leyti skilyrði laga um greiðsluaðlögun, geti nýtt sér úrræði greiðsluaðlögunar einstaklinga, án þess að þurfa að ljúka gjaldþrotaskiptum fyrst. Þessir sömu einstaklingar gætu leitað til umboðsmanns skuldara og óskað eftir aðstoð við að útbúa fjárhagsyfirlit og greinargerð fyrir skiptastjóra. Embættið telur mikilvægt að þessi heimild verði endurvakin.

Að lokum leggur embættið til að gerð verði breyting á lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010, sem varðar gjaldtöku. Lagðar eru til lítilsháttar breytingar á 5. gr. laganna, en við



## Umboðsmaður skuldara

vinnu við álagningu gjalds á grundvelli 5. gr. hafa komið í ljós vankantar sem nauðsynlegt er að sníða af í lögnum. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði þau sem nú eru í 4. mgr. um álagningu gjalds á nýjar lánastofnanir verði færð í lok 5. mgr. og breytt nokkuð. Í öðru lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lokamálslið 5. mgr. 5. gr. að miða skuli við umfang útlánastarfsemi gjaldskyldra aðila á næstliðnu ári, en þar er átt við að greiðslur vegna reksturs umboðsmanns skuldara fyrir árið 2011 fari eftir árslokastöðu gjaldskylds aðila á árinu 2009, enda er kostnaðaráætlun vegna reksturs embættisins gerð á fyrri hluta ársins á undan. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæðum um innheimtu gjalds af gjaldskyldum aðilum, sem eru að hefja starfsemi, verði breytt og þau færð í lok 5. mgr. 5. gr. Lagt er til að gjaldskyldir aðilar verði undanþegnir greiðslu á því ári sem þeir hefja starfsemi, enda er erfitt að vita hvert umfang útlánastarfsemi verður. Þá er lagt til að árið eftir að gjaldskyldur aðili hefur starfsemi skuli miða álagningu við greiðslu á 500.000 kr.

Í samræmi við framangreinda umfjöllun leggur embættið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 5. gr. laganna:


#### **4. mgr. fellur brott.**

**Við lokamásl. 5. mgr. bætist: miða skal við upplýsingar um umfang útlánastarfsemi í lok næstliðins árs.**

**Við 5. mgr. bætast þrjú málsliðir, er orðast svo: Gjaldskyldur aðili er undanþeginn greiðslu á því ári sem hann hefur starfsemi. Árið eftir að gjaldskyldur aðili hefur starfsemi skai miða álagningu við greiðslu á 500.000 kr.**

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða III:

**Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Við gjalddöku vegna ársins 2010 skal miðað við upplýsingar um umfang útlána gjaldskyldra aðila í lok ársins 2009.**

Virðingarfyllst,  
  
Ásta Sigrún Helgadóttir